

Útkomið i A-deild Stjórnartíðindanna.

Auglýsing um samning milli Hans hátignar konungsins i Danmörku og Hans hátignar konungsins i hinu sameinaða konungsríki Bretalandi hinu mikla og Írlandi um tilhögun á fiskiveiðum þegna hvers þeirra um sig fyrir utan landhelgi i hafinu umhverfis Færeyjar og Island, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 28. marz 1903 (A nr. 3, bls. 20—36).

Reglugjöfð um breyting á reglugjöfð fyrir veðdeild landsbankans staðfestri 15. júní 1900 undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 21. apríl 1903 (A. nr. 4, bls. 37—41).

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vestur- 41
amtinu um flutning þingstaðar. Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmað- 11. apríl
ur, i brjefi, dagsettu 4. þ. m., meðmælum hlutaðeigandi sýslunefndar og beiðni hreppsnefndarinnar i Hólshreppi i Norðurisafjarðarsýslu, vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur að Ytri-Búðum i Bolungarvík með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norduramtinu og Austuramt- 42
inu um sveitarstyrk veittan þurfaling. Hreppsnefndin i Svalbarðs- 29. apríl
hreppi hefir áfrýjað til mín úrskurði yðar, herra amtmaður, dagsettum 6. ágúst f. á., um sveitarstyrk veittan úr bæjarsjóði Akureyrar Maríu nokkurri Finnbogadóttur, sem viðurkennd er sveitlæg i nefndum hreppi.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að jeg er þeirrar sköðunar, að úrskurður yðar sje rjettur, skal hann standa óhaggaður.

Úrskurður amtsins:

Með brjefi dags. 22. þ. m. hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer ýms skjöl snertandi ágreining milli hreppsnefndarinnar i Svalbarðshreppi og bæjarstjórnarinnar á Akureyri, um sveitarstyrk veittan Maríu nokkurri Finnbogadóttur. Málavextir eru þannig:

Hinn 21. júní 1901 kom ekkjan María Finnbogadóttir, sem er viðurkennd sveitlæg i Svalbarðshreppi til hjeraðslæknisins á Akureyri með veikt barn sitt. Skýrði læknirinn henni þá frá því, að megn barnaveiki gengi að barninu. María Finnbogadóttir var þá allslaus, og sneri hún sjer til fátækra-stjórnarinnar á Akureyri með beiðni um hjálp og aðstoð. Fátækra-stjórnin útvegaði móðurinni og barninu húsnaði, mat, nauðsynleg föt, ferðakostnað, læknishjálp og meðöl.

Fyrir þetta hefir hún reiknað:

1. Föt og ferðakostnað	Kr. 39 85
2. Læknishjálp og meðöl	— 37 20
3. Fæði i 33 daga	— 49 50
4. Borgun fyrir vökunætur	— 3 00
5. Fyrir steinolíu og kol	— 2 93
	<hr/> Kr. 132 48

25. dag maímánaðar 1903.